

Alþingi  
Erindi nr. P 127/4  
komudagur: 26.10.2001



HEILBRIGÐIS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.stjr.is

Heilbrigðis- og trygginganefnd, Alþingi  
b.t. Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10, Nefndarsvið Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2001  
Tilvísun: HTR01100185/10042  
JH/HP

Í bréfi Heilbrigðis- og tryggingamálanefndar Alþingis þann 19. október 2001 er beðið um umsókn á frumvarpi til laga um málefni aldraðra, mál 162, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Markmið laga nr. 125/1999 um málefni aldraða er að aldraðir eigi vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Til að ná sem best þessu markmiði voru málefni aldraða sett í forgang við gerð heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 sem samþykkt var á Alþingi þann 20. maí s.l. Forgangsverkefni í áætluninni er að stytta mjög frá því sem nú er biðtími aldraðra sem eru í mjög brýnni þörf eftir hjúkrunarrými. Framkvæmdasjóður aldraðra á að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónust um land allt og er mjög mililvægur við að uppfylla markmið laga um málefni aldraða og að gera markmið heilbrigðisáætlunar í öldrunarmálum að veruleika. Til að sjóðurinn geti sinnt sem best hlutverki sínu í öldrunarmálum þá er nauðsynlega koma í veg fyrir að sjóðurinn og framlög í sjóðinn rýrni í þeirri verðbólgu sem er hér á landi. Framkvæmdasjóður aldraðra er fylgjandi hækkun á gjaldi í sjóðinn um 5,41% enda er hér aðeins um leiðréttingu á gjaldinu að ræða til að halda í horfinu í samræmi við breytingar á verðlagi frá síðasta ári.

f.h. Framkvæmdasjóðs aldraðra

*Jón Helguson*

*Hafi Pallson*

## Til heilbrigðis og trygginganefndar Alþingis

Stjórn Landssambands eldri borgara hefir á fundi sínum 1. nóv. '01 að beiðni nefndarinnar fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr: 125.'99 um málefni aldraðra.

Landssambandið hefir oft áður í umsögnum um málefni aldraðra vakið athygli á hinni brýna þörf sem er fyrir aukið vistrými fyrir aldrað sjúkt fólk og á þeim löngu biðlistum sem til staðar eru til að komast í slíka vistun. Landssambandið hefir og áður kynnt kröfu sína gagnvart stjórnvöldum um að fjármunir þeir sem innheimtast með nefskatti til Framkvæmdarsjóðs aldraðra verði, eins og lögin um Framkvæmdarsjóðinn í upphafi gerðu ráð fyrir allir nýttir til uppbyggingar, en ekki til þess að greiða þjónustugjöld.

Landssambandið ítrekar en þessa kröfu sína og nú gagnvart Alþingi. Á höfuðborgarsvæðinu munu nú vera um það bil 300 manns sem úrskurðaðir hafa verið með brýna eða mjög brýna þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili fyrir aldraða en eru á biðlista. Og þrátt fyrir að í heilbrigðisáætlun heilbrigðisráðuneytisins, frá nóv. 2000, sem gildir til ársins 2010, sé gert ráð fyrir að biðtími eftir hjúkrunarrými verði aldrei lengri en 90 dagar, en hann var 267 dagar í Reykjavík 1997 og er nú kominn á annað ár. Það er því einsýnt að verulega þarf að auka framlög til uppbyggingar slíkra stofnana .

En það er ekki nóg að hækka nefskattinn svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir til Framkvæmdarsjóðs aldraðra, heldur þarf einnig að tryggja að þeir auknu fjármunir sem þannig fáið fari til hins upprunalega verkefnis sjóðsins að byggja upp slíkar stofnanir.

Að því áskildu mælir Landssambandið með að frumvarp þetta verði samþykkt.

Reykjavík, 6. nóv 2001

F.h. Landsambands eldri borgara




Benedikt Davíðsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/265  
komudagur 28.11.2001

**SAMBAND ÍSLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA**

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
☎ (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



Dagsetning

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
hr. Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sam 407/2001 ÞS/SP

Reykjavík 26. nóvember 2001

**Umsögn um frumvarp til laga um  
málefni aldraðra, 162. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, hinn 22. nóvember, var m.a. lagt fram bréf heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 19. október, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um málefni aldraðra, 162. mál, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Þórour Skúlason framkvæmdastjóri

127/114  
Alþing.  
Erindi nr. P 127/114  
komudagur 14. 11. 2001

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstæti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. nóvember 2001


ÁPS/KSG/074/01

**Efni :Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999**

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 19. október 2001, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum sem snúa að starfsemi eða útgreiðslum bóta Tryggingastofnunar ríkisins. Stofnunin hefur því ekki sérstakar athugasemdir varðandi þá hækkun sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

  
Karl Steinar Guðnason, forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/236  
komudagur 23. 11. 2001

Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
150 Reykjavík

23.  
Reykjavík, 23-11-2001

Til Heilbrigðis- og trygginganefndar  
Alþingis

Öldrunarráð Íslands hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr.125/1999.

Við hjá Öldrunarráði höfum á undanförunum árum gagnrýnt það ástand sem er í málefnum aldraðra hvað varðar langa biðlista eftir hjúkrunar og dvalarrými. Einnig höfum við ítrekað bent á þörfina fyrir að breyta eldra húsnæði til fækkunar á margbýlisstofum.

Viðhorf aldraðra og aðstandenda þeirra til dvalar í margbýli hefur verið að breytast og er þannig að í dag er þunginn á inntökur í einbýli mestur.

Það er því ljóst að fjárþörf framkvæmdasjóðs aldraðra er mikil þar sem óleystur er uppbyggingar vandi höfuðborgarsvæðisins sérstaklega. Þó víða séu óunnin verkefni á landsbyggðinni þá eru biðlistarnir á höfuðborgarsvæðinu lang alvarlegastir og þar eru flestir aldraðir langveikir og í mikilli þörf fyrir hjúkrunarheimili.

Því styður Öldrunarráð Íslands þessa hækkun á sérstöku gjaldi til framkvæmdasjóðs aldraðra á árinu 2002 og leggur mikla áherslu á að sem stæstum hluta fjárens sé varið til uppbyggingar á hjúkrunar-og dvalarheimilum

Virðingarfyllst f.h. Öldrunarráðs

---

Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Öldrunarráðs